

Borgarholtsskóli

Stuttar starfsnámsbrautir

Skýrsla vinnuhóps

Anton Már Gylfason, Ásgeir Valdimarsson, Ívar Rafn Jónsson
og Þórkatla Þórisdóttir



Júní 2010

Efnisyfirlit

1. Verkefnið	3
2. Framvinda starfsins í vinnuhópnum	4
3. Samsetning væntanlegs nemendahóps.....	8
4. Drög að lærdómsviðmiðum.....	10
5. Samantekt.....	12

1. Verkefnið

Þátttakendur: Þórkatla Þórisdóttir, kennslustjóri stuttra starfsnámsbrauta, Ásgeir Valdimarsson, fagstjóri og kennari í verslunargreinum, Ívar Jónsson, kennari á félagsliðabraut og Anton Már Gylfason, verkefnisstjóri innleiðingar.

Vinnuhópurinn vann samkvæmt eftirfarandi verklýsingu:

Verkefni hópsins er að kynna sér ný lög um framhaldsskóla og gera á grundvelli þeirra nauðsynlegar breytingar á starfsnámsbrautum skólans. Þess skal gætt að sá mannauður og sú reynsla sem fyrir hendi er nýtist að fullu um leið og hugmyndafræði nýju laganna er gefið nægjanlegt rými.

Texti úr styrkumsókn:

Starfsnámsbrautir:

Hér er um að ræða námstilboð sem ekki eru fyrir hendi í öðrum framhaldsskólum en BHS. Fyrir liggur að endurskoða þarf námsbrautirnar m.t.t. nýrra viðmiða jafnframt því sem hugað verði að hlutverki brautanna í ljósi framhaldsskólaprófsins. Þá eru hugmyndir uppi um að búa til e.k. grunndeild þjónustugreina sem nýti samlegð skyldra námsáfanga en þegar nær dregur námslokum verði hugað að frekari sérgreiningu. Bætt verði við námi í tómsundafræðum sem þegar er í startholunum í samvinnu við ÍTR. Einnig þarf að skapa svigrúm til að þjóna markmiðum náms til framhaldsskólaprófs og huga að samráði við starfsgreinaráð og/eða aðra fulltrúa atvinnulífs.

Verslunarbraut:

Hér mætti hugsa sér samvinnu við aðra skóla en huga þarf þó að endurskoðun á námskrá og viðmiðum brautar. Einnig þarf að skapa svigrúm til að þjóna markmiðum náms til framhaldsskólaprófs auk þess sem huga þarf að samráði við starfsgreinaráð og/eða aðra fulltrúa atvinnulífs.

Markmiðið er að skipuleggja starfsnámsbrautir á 2. þrepi sem samræmast hugmyndafræði nýrra laga og nýtast nemendum sem best fyrir störf og frekara nám.

Verkefni:

- Vinna starfsáætlun og skipta verkum með meðlimum hóps (skipa t.a.m. formann, fulltrúi stýrihóps sér um að rita og samræma).
- Vikulegir fundir á haustönn og ½ laugardagur um miðja önn.
- Skoða ný lög um framhaldsskóla og meðfylgjandi gögn með tilliti til almennra ákvæða og þeirra sem sérstaklega eiga við um starfsnámsbrautir á 2. þrepi
- Kynna sér lykilhæfnipætti og gæta þess að skipulag brauta sé í samræmi við þá stefnu sem þeir marka
- Vinna úr niðurstöðum hópa á starfsdögum 2009 m.a. um starfsnámsbrautir
- Fylgjast með vinnu annarra vinnuhópa vegna nýrra laga og hafa samstarf við þá eftir því sem við verður komið
 - Vera í samvinnu m.a. við starfshópa um bóknám og lykilhæfni þegar verið er að semja brautalýsingar
- Skilgreina lokapróf með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru til náms á 2. þrepi
- Leggja drög að hugmyndafræði starfsnámsbrauta:
 - ákvarða hugsanlega markhópa
 - skoða þá möguleika sem fyrir hendi eru um starfsþjálfun og kynna sér með hvaða hætti aðrar deildir, svið og skólar hafa unnið í þeim eignum

- skoða mismunandi útfærslur á námslokum
- skoða lærdómsviðmið (learning outcome) fyrir námið
- Skoðar hugsanlega grunndeild starfsbrauta í samvinnu við aðrar brautir á 2. þrepi
- Skoðar möguleika á þverfaglegri samvinnu og mismunandi námsleiðum innan skólans
- Leggja drög að brautarlýsingum fyrir námsbrautirnar
- Vera til ráðgjafar um útfærslu áfangalýsinga (þegar þær verða skrifaðar).

Afurðir og skil:


- Skýrsla um störf hópsins
- Kynning á stöðu mála á starfsdögum
- Lærdómsviðmið brauta
- Drög að brautarlýsingu (desember 2009)

2. Framvinda starfsins í vinnuhópnum


Fyrsti fundur vinnuhópsins var 2. september og var fundað nær vikulega upp frá því fram í desember, rúmlega klukkustund í senn. Styttri starfsnámsbrautir skólans hafa hingað til skipts í tvö ólík svið, félagsliðabraut og tengt nám annars vegar og verslunarbraut hins vegar. Samsetning vinnuhópsins tók mið af því. Samstarf og samvinna innan hópsins var góð en einkenndist svolítið af því að meðlimir hópsins töldu sig vera að koma að þessu borði nánast úr sitt hvorri áttinni. Hópurinn reyndi eftir fremsta megni að halda sig innan þess ramma sem honum hafði verið settur en það kom á daginn að ýmiss mál sem hópnum hafði ekki beinlínis verið ætlað að ræða þörfuðust umfjöllunar. Má þar t.a.m. nefna hlutverk starfsgreinaráða og galla í núverandi fyrirkomulagi náms á brautunum. Ekki verður heldur dregin fjöður yfir þá tilfinningu meðlima hópsins að margt í hinum nýju lögum sé afar þokukennt og áhrif einstakra ákvæða þeirra á skólastarf óljós. Mikil þörf reyndist fyrir umræðum um einstaka þætti laganna; sem dæmi um slík umræðuefni mætti nefna þá viðhorfsbreytingu gagnvart starfsnámi sem lögin boða og þær afleiðingar sem ný skilgreining framhaldsskólaeiningar kann að hafa í för með sér. Meðlimir hópsins voru þó almennt jákvæðir gagnvart þeim nýja hugsunarhætti sem fylgir lögnum og breytingarferlinu í heild sinni.

Almennar umræður um hin nýju lög tóku því töluverðan tíma í upphafi. Samfara lestri greinargerðar með lögnum vöknudu ýmsar spurningar og álitamál t.d. um stöðu skriflegra lokaprófi innan framhaldsskólans í kjölfar þess að skil milli kennslu- og próftíma verða aflögð, umfang starfsþjálfunar nemenda og aðkomu framhaldsskólanna að því, skiptingar náms á þrep og lærdómsviðmið (*learning outcome*).

Hópurinn eyddi töluverðum tíma í að máta núverandi nám á verslunar- og félagsliðabrautum inn í þann ytri ramma sem honum fannst nýju lögin hafa í för með sér (sjá mynd 1 og 2). Reyndist sú nálgun ekki mjög frjó enda sýndist meðlimum hópsins að væri þessi leið farin myndu glatast þau tækifæri til umbóta sem lögin bjóða upp á.




Mynd 1 - Fyrstu hugmyndir um verslunarbraut



Mynd 2 - Fyrstu hugmyndir um félags- og umönnunarbrautir

Þegar farið var að síga á seinni hluta starfsins varð töluverð stefnubreyting í vinnu hópsins og hugmyndum. Ákveðið var að kafa rækilega ofan í innihald náms á öllum brautum sviðsins í því skyni að finna það sem sameiginlegt væri hvað varðar innihaldi og efni í því starfsnámi sem fram fer við skólann. Í framhaldi af því voru skipulagðir áfangar utan um þessa námsþætti og búinn til svokallaður

„kjarni þjónustubrauta“ (sjá mynd 3). Að baki þessarar nálgunar eru, auk þátta sem lúta að hagræði í rekstri brautanna og skipulagi, hugmyndir um að auka val nemenda og fjölbreytileika námsins.



Mynd 3 - Kjarni þjónustubrauta BHS

Þessi mynd og sú hugmyndafræði sem hún byggir á varð síðan kjarninn í þeim tillögum sem hópurinn setti fram auk þess gerðar voru tillögur um sameiginlega áfanga á seinni stigum náms á brautunum. Hér á eftir eru stuttar lýsingar á innihaldi áfanganna í kjarna þjónustubrauta.

Stærðfræði daglegs lífs

Áfanginn tekur til sömu efnisþátta og hefðbundinn byrjunaráfangi framhaldsskóla (STÆ102 eða 103). Sá grundvallar munur er þó á að í stað þess að vera undirbúningur fyrir frekara nám í stærðfræði á framhalds- og háskólastigi er áfanganum ætlað að undirbúa nemendur fyrir ákveðin störf í atvinnulífinu. Því verða verkefni og áherslur með öðrum hætti en í hinum hefðbundnu áföngum. Megin áherslan verður á verkefni sem tengjast mælingum (t.d. lyfjagjöf), innkaupum, verslun og viðskiptum.

Íþróttir og lífsstíll

Í áfanganum verður fléttað saman fræðslu og verklegum æfingum. Lögð verður áhersla á að nemendur kynnist ólíkum greinum íþróttar vel í þeim tilgangi að auka líkurnar á að þeir finni grein við sitt hæfi. Nemendur fá tækifæri til að ígrunda sinn eigin lífsstíl og fræðslu um tengsl næringar, svefnis, hreyfingar, tóbaks, vímuefna og fleiri lífstílsþátta við heilsufar almennt.

Gagnrýnin hugsun og hagnýt siðfræði

Nemendur hljóta þjálfun í því að skoða umhverfi sitt og veruleika í rökréttu samhengi. Lögð verður áhersla á að nemendur geti lagt yfirvegað og gagnrýnið mat á þann upplýsingaflaum sem dynur á nútímamanninum allan liðlangan daginn t.d. í dagblöðum, sjónvarpi, á netinu og í símanum. Lögð verður áhersla á mikilvægi gagnrýnnar og skapandi hugsunar og nemendum gefast næg tækifæri til þess að æfa sig í að færa rök fyrir máli sínu. Nemendur kynnast grundvallarhugtökum heimspekilegrar siðfræði og hljóta þjálfun í hagnýtri beitingu þeirra á málefni líðandi stundar.

Samskipti og þjónusta

Fjallað verður um grunnþætti þess að hafa samskipti við mismunandi fólk með það að markmiði að auka færni og leikni nemenda í því að eiga góð og gefandi samskipti við viðskiptavinum og samstarfsfólk. Nemendur hljóta þjálfun í að greina gæði manlegra samskipta t.d. með hlutverkaleikjum, lífstilraunum og vettvangsverkefnum. Farið verður í samspil samskipta og þjónustu og mikilvægi vandaðra samskipta fyrir ásýnd fyrirtækja og þjónustuaðila. Nemendur vinna m.a. með hugtökin samskipti, starfsandi, hóphlutverk, liðsheild og uppbyggileg gagnrýni.

Einstaklingur, fjölskylda og samfélag

Hugað verður að grunnþáttum samfélagsins og mikilvægi þeirra. Nemendur fá tækifæri til að líta inn á við, skoða sjálfa sig og eigin sjálfsmynd. Fjallað verður um sjálfsmynd, persónueinkenni, styrkleika og veikleika, samskipti og sjálfstæði. Nemendur skoða fjölskylduna sem grunneiningu samfélagsins og fjalla um mismunandi fjölskyldugerðir. Nemendur eru hvattir til að leita inn á við og vinna verkefni í tengslum við eigin veruleika.

Jákvæð sálfræði


Sem fræðigreinin hverfist jákvæð sálfræði um spurninguna „hvað gerir lífið þess virði að því sé lífað?“ Megin hugmyndin er sú að með því að leggja áherslu á styrkleika, hæfileika og getu megi ná mun betri árangri en með því að beina athyglinni að og reyna að laga veikleika, hæfileikasort og vanmátt. Í áfanganum gefst nemendum tækifæri til að greina og vinna með styrkleika sína um leið og þeir kynnast grunnþáttum jákvæðrar sálfræði.

Auk þeirra áfanga sem nefndir eru hér að ofan er gert ráð fyrir að nemendur eigi kost á sameiginlegum áfanga eða áföngum við lok náms á þeirri braut sem þeir velja. Grunnhugmyndin er sú að í þessum áföngum gefist nemendum kostur á að vinna sameiginlega að stóru verkefni þar sem þeir hljóta þjálfun í að beita þeim tækjum sem þeir hafa komið sér upp í gegnum nám sitt á brautunum. Þannig munu nemendur fá tækifæri til að beita þekkingu sinni, leikni og færni á sem hagnýtastan hátt og sem líkastan því sem gerist við raunverulegar aðstæður í atvinnulífinu.

Sem dæmi um slíkan áfanga mætti nefna „Fyrirmyndarheimilið“ þar sem nemendur brautarinnar sameinast um rekstur sambýlis eða frístundaheimilis í eina önn, e.t.v. að einhverju leyti í samstarfi við raunverulegt stofnanir í samfélaginu. Rekstrarhlutinn væri í höndum þeirra nemenda sem völdu verslunar- eða fyrirtækjasvið en umönnunarpátturinn í umsjá þeirra sem valið höfðu félags-, tómstunda- eða skólasvið (sbr. mynd 6 hér að aftan).

Annað dæmi um sameignlegan lokaáfanga er áfangi sem mætti nefna „Betra líf“. Í áfanganum gefst nemendum kostur á að skoða sitt eigið líf í ljósi þeirra þekkingar og hæfni sem þeir hafa aflað sér í

náminu. Áfanginn byggir að nokkru leyti á því að nemendur hafi haldið ferilmöppu í gegnum nám sitt þar sem þeir safna saman þeim verkefnum sem þeir hafa unnið.




Mynd 4 - Dæmi um sameiginlega áfanga í lok náms

3. Samsetning væntanlegs nemendahóps

Sá nemendahópur sem hingað til hefur stundað nám á styttri starfsnámsbrautum BHS er um margt sérstakur. Á félagsliðabraut hefur, auk hins dæmigerða framhaldsskólanema á aldrinum 16-20 ára, verið töluvert af nemendum sem eru að setjast aftur á skólabekk eftir lengra eða skemmra hlé frá námi. Nokkuð stór hópur af almennum námsbrautum skólans sækir á hverju ári um að hefja nám á brautunum enda virðast þær henta þeim nemendum vel. Lýsa má nemendahópnum sem nokkuð „kvikum“ í þeim skilningi að töluverður hluti hans heltist úr lestinni og skilar sér illa í efri áfanga. Þó myndast oft kjarni duglegra námsmanna á brautunum sem í krafti dugnaðar, samvinnu og samskipta líkur námi með góðum árangri. Samfélagslegt verðmæti þessara einstaklinga er óumdeilt.

Í ljósi samsetningar nemendahópsins þótti meðlimum vinnuhópsins ástæða til að velta fyrir sér spurningunni um það hvaða þekkingu væri æskilegt að dæmigerður nemandi byggji yfir við lok náms og hver leikni hans og hæfni þyrfti að vera. Fyrstu hugmyndir má sjá á mynd 4 en þær voru síðan notaðar sem grunnur að lærdómsviðmiðum fyrir brautirnar (sjá kafla 4 hér að neðan).



Mynd 5 - Útskrifaðir nemendur af félagsliða- og verslunarbrautum

Segja má að þær hugmyndir sem koma fram á myndunum hafi opnað augu vinnuhópsins fyrir því að hugtakið „þjónusta“ myndar kjarnann í þjálfun nemenda beggja brautanna. Þar með voru mörkuð viss þáttaskil í starfinu eins og áður var getið.

Af þessum vangaveltum má draga þá ályktun að sá hópur einstaklinga sem kýs að stunda nám á styttri starfsnámsbrautum sé ekki líklegur til að hafa gagn af þeirri „akademísku“ nálgun sem viðtekin er á hefðbundnum bóknámsbrautum og einkennist m.a. af kennslu á formi fyrirlestra og skriflegum lokaprófum. Þeir einstaklingar sem hér er til umræðu ná betur að láta ljós sitt skína ef höfðað er til þeirra á fjölbreyttan hátt með verkefnum, umræðum og verklegum æfingum. Samvinna og samskipti eru mikilvægir þættir í þeim störfum sem verið er að þjálfa nemendurna fyrir og því þarf að leggja áherslu á þessa þætti í námi þeirra. Mikilvægt er að ræða og þróa heilstæða kennslufræðilega nálgun sem sérstaklega er sniðin að þörfum markhópsins og leita í því sambandi álit og ráðgjafar hjá sérfræðingum.

4. Drög að lærdómsviðmiðum

Lærdómur námsbrautar skilar nemanda með hæfni á þrepi 2. Hann einkennist af sértækum þáttum þekkingar, færni og hæfni sérsviðs námsbrautarinnar og uppfyllir neðangreind viðmið að mestu eða öllu leyti.

Þjónustubraut, verslunar- og fyrirtækjasvið – LÆRDÓMSVIÐMIÐ – <i>Learning outcome</i>	
ÞEKking	<ul style="list-style-type: none">- Nemandi á með fjölbreyttum aðferðum hafa aflað sér sértækrar þekkingar í þeim fögum sem hann hefur lagt stund á, t.d. í bókfærslu, upplýsingatækni, lögfræði og hagfræði.- Nemandi á að geta greint þekkingu sínu í með því að ræða hana við aðra nemendur, flokka hana og bera saman við annað sem honum finnst skipta máli, t.d. hugmyndir sínar um siðferði og samfélagslegar skyldur.- Nemandi á að geta miðlað almennri jafnt og sértækri þekkingu sinni með fjölbreyttum og skapandi hætti í samræðu við aðra nemendur, skriflega, verklega og með aðstoð margmiðlunartækni.
LEIKNI	<ul style="list-style-type: none">- Nemandi á að hafa aflað sér þjálfunar í þeim aðferðum og verklagi sem viðskiptalífið gerir kröfur um að starfsfólk hafi tök á.- Nemandi á að geta greint á milli mismunandi aðferða og milli mismunandi þátta í skipulagi verkferla; nemandinn getur unnið undir leiðsögn en jafnframt getur hann skipulagt og unnið að sérhæfðum verkferlum.- Nemandi á að geta miðlað leikni sinni með fjölbreyttum tjáningarformum og skal geta beitt ýmsum verkfærum við tjáninguna, t.d. margmiðlunartækni og bókhaldskunnáttu.
HÆFNI	<ul style="list-style-type: none">- Nemandi á að geta að hagnýtt sér þá hæfni sem hann hefur aflað sér hvort heldur sem er á vinnumarkaði eða í frekara námi. Hann á að geta sýnt fram á almenna siðvitund sína og umburðarlyndi og á að hafa skilning á eigin getu.- Nemandi á að geta greint þekkingu sína og leikni á hagnýtan hátt t.d. með því að finna orsakasambönd og samhengi hluta, með samanburði, einföldun og því að draga ályktanir. Um leið skal hann geta sýnt ábyrgðartilfinningu, sjálfstraust og sjálfstæð vinnubrögð. Hann hefur ennfremur hæfni í gagnrýninni og sjálfstæðri hugsun og getur beitt þessum tækjum, ásamt þeim hugtakagrunni sem hann hefur náð tökum á í námi sínu, af öryggi við lausn sérhæfðra verkefna.- Nemandi á að geta miðlað þekkingu sinni og leikni á hagnýtan máta og sýnt þannig sköpunarmátt sinn, frumkvæði og hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar.

Þjónustubraut, félags-, skóla- og tómstundasvið – LÆRDÓMSVIÐMIÐ – Learning outcome**ÞEKking**

- Nemandi á með fjölbreyttum aðferðum hafa **aflað** sér sértækrar þekkingar í þeim fögum sem hann hefur lagt stund á, t.d. í siðfræði, samskiptum, fjölskyldu-, fötlunar- og öldrunarfræði. Hann þarf að hafa þekkingu til að taka rökstuddar ákvarðanir byggðar á faglegum forsendum.
- Nemandi á að geta **greint** þekkingu sínu í með því að ræða hana við aðra nemendur, flokka hana og bera saman við annað sem honum finnst skipta máli, t.d. hugmyndir sínar um siðferði og leiðir til að mæta ólíkum þörfum fólks sem þarf aðstoð við athafnir daglegs lífs, heima og heiman.
- Nemandi á að geta **miðlað** almennri jafnt og sértækri þekkingu sinni með fjölbreyttum og skapandi hætti í samræðu við aðra nemendur, skriflega, verklega og með aðstoð margmiðlunartækni.

LEIKNI

- Nemandi á að hafa **aflað** sér þjálfunar í þeim aðferðum, framkomu og verklagi sem félagsleg og persónuleg þjónusta við hópa og einstaklinga gerir kröfur um að starfsfólk hafi tök á.
- Nemandi á að geta **greint** á milli mismunandi aðferða og milli mismunandi þátta í skipulagi verkferla; nemandinn getur unnið undir leiðsögn en jafnframt getur hann skipulagt og unnið að sérhæfðum verkferlum á svið þjónustu við börn, fatlaða og aldraða.
- Nemandi á að geta **miðlað** leikni sinni með fjölbreyttum tjáningarformum og skal geta beitt ýmsum verkfærum við tjáninguna, t.d. margmiðlunartækni, hóp- og teymisvinnu.

HÆFNI


- Nemandi á að geta að hagnýtt sér þá hæfni sem hann hefur **aflað** sér hvort heldur sem er á vinnumarkaði eða í frekara námi. Hann á að geta sýnt fram á almenna siðvitund sína og umburðarlyndi og á að hafa skilning á eigin getu. Hann þarf einnig að hafa hæfni til að geta brugðist við óvæntum verkefnum og ólíkum aðstæðum við aðstoð og umönnum barna, aldraðra og fatlaðra.
- Nemandi á að geta **greint** þekkingu sína og leikni á hagnýtan hátt t.d. með því að finna orsakasambönd og samhengi hluta, með samanburði, einföldun og því að draga ályktanir. Um leið skal hann geta sýnt ábyrgðartilfinningu, sjálfstraust og sjálfstæð vinnubrögð. Hann hefur ennfremur hæfni í gagnrýninni og sjálfstæðri hugsun og getur beitt þessum tækjum, ásamt þeim hugtakagrunni sem hann hefur náð tökum á í námi sínu, af öryggi við lausn sérhæfðra verkefna. Hann hefur hæfni og færni til að skilja og skilgreina mismunandi þarfir einstaklinga.
- Nemandi á að geta **miðlað** þekkingu sinni og leikni á hagnýtan máta og sýnt þannig sköpunarmátt sinn, frumkvæði og hæfni til að tjá hugmyndir, skoðanir og tilfinningar. Hann þarf að hafa hæfni til að afla nýrra upplýsinga og miðla þeim s.s. upplýsinga um lagalega réttindi einstaklinga til þjónustu frá hinu opinbera og félagasamtökum.

5. Samantekt

Starfshópurinn leggur til að veturinn 2010 til 2011 verði unnið af fullum krafti að því að útfæra þjónustubraut BHS og að stefnt verði að því að innrita fyrstu nemendurna á brautina haustið 2011. Hópurinn leggur jafnframt til að við þessa vinnu verði tvennt haft að leiðarljósi:

1. Áhersla á fjölbreytt nám og að nemendum bjóðist ávallt margar leiðir til námsloka;
2. Að samhliða þróun ytri ramma brautarinnar verði farið ítarlega í saumana á þeim aðferðum sem beitt er við kennslu og námsmat á brautunum í því skyni að laga kennslufræðilega nálgun betur að þörfum markhópsins. Þörf er á að móta sameignlega sýn á það hvernig nálgast beri nemendahópin að þessu leyti.

Nemendur munu innritast á þjónustubraut en fljótlega eftir að þeir hefja nám munu þeir velja sér sérsvið (sjá mynd 6). Strax á annarri námsönn munu nemendur geta valið áfanga þar sem sérhæfing þeirra og þjálfun fyrir ákveðin störf í þjóðfélaginu hefst. Um stigvaxandi sérhæfingu verður að ræða upp frá því. Undir lok náms mun nemendum þjónustubrauta gefast kostur á að vinna tiltölulega viðamikil lokaverkefni þar sem þekking þeirra, leikni og hæfni fær að njóta sín og þeir öðlast mikilvæga þjálfun í samvinnu við nemendur sem lagt hafa ólíkar áherslur í sínu námi.



Mynd 6 – Yfirlit yfir þjónustubrautir Borgarholtsskóla